

Miðvikudaginn 19. júní 1963.

Nr. 39/1963. **Magnús Gíslason, Kristján Egilsson og Þorsteinn Sigurðsson** (Jón Hjaltason hdl.)

gegn

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f
(Örn Clausen hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Endurheimtukrafa. Vátryggingarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. marz 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Gera þeir þessar kröfur:

I. **Í aðalsök í héraði:** Það er krafa þeirra Kristjáns Egilssonar og Þorsteins Sigurðssonar og aðalkrafa Magnúsar Gíslasonar, að þeim verði aðeins gert að greiða stefnda vangoldið vátryggingariðgjald, kr. 880.00, en dæmd sýkna af öðrum kröfum hans, enda verði stefnda gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Magnús Gíslason krefst þess til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða stefnda hluta af kröfum hans eftir mati dómsins og málskostnaður þá felldur niður, að því er til hans tekur.

II. **Í gagnsök í héraði:** Hér krefjast áfrýjendur þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim sameiginlega, en til vara Kristjáni Egilssyni einum, kr. 32.142.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefjast áfrýjendur og málskostnaðar í gagnsökinni úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hafa ýmis ný gögn verið lögð fram í Hæstarétti.

I. **Aðalsök í héraði.**

Þegar ökuslys það, sem í málinu greinir, bar að höndum hinn 18. maí 1958, var Kristján Egilsson einn skráður eigandi bifreiðarinnar V 261 (síðar R 9081). Hafði hann tryggt bifreiðina skyldutryggingu hjá stefnda samkvæmt þágildandi 36. gr. laga nr. 23/1941, sbr. lög nr. 7/1952. Var váttryggingarskirteinið gefið út 11. desember 1957 og skráð á nafn Kristjáns eins. Bifreiðin var þó í sameign áfrýjendanna þriggja, og áttu þeir hana að $\frac{1}{3}$ hluta hver. Kristján kveðst hafa farið þess á leit við umboðsmann stefnda í Vestmannaeyjum hinn 10. maí 1958, að trygging bifreiðarinnar yrði skráð á nöfn allra sameigendanna, og er því ekki andmælt af hálfu stefnda. Hefur stefndi og reist kröfur sínar í aðalsök í héraði á því, að áfrýjendur hafi verið sameigendur að bifreiðinni með framangreindum hætti. Verður því lagt til grundvallar við úrlausn máls þessa, að áfrýjendur hafi sameiginlega verið tryggingartakar.

Krafa stefnda á hendur áfrýjendum er í tveimur liðum:

- A. Krafa um váttryggingariðgjald fyrrgreindrar
bifreiðar tímabilið 1. maí 1958 til 1. maí
1959 kr. 880.00
- B. Framkrafa vegna greiðslu á bótum fyrir
tjón og mat á tjóni, sem hlaut af áakstri
bifreiðarinnar V 261 á bifreiðina V 1 og
steinvegg við Heiðarveg — 13.753.75

Kr. 14.633.75

Um A. Áfrýjendur hafa viðurkennt réttmæti þessa kröfuliðar, en andmælt vaxtahæðinni. Verður áfrýjendum gert að greiða in solidum samkvæmt þessu kr. 880.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Um B. Fallast má á það með héraðsdómara, að Magnús Gíslason hafi átt sök á ökuslysinu með stórkostlegu gáleysi. Ber honum því samkvæmt 8. málsg. fyrrnefndrar 36. gr. laga nr. 23/1941, sbr. lög nr. 7/1952, að greiða stefnda kröfu þá, sem hér ræðir um, kr. 13.753.75, ásamt vöxtum,

sem ákveðast með sama hætti og vextir af kröfulið A. Í málinu hafa ekki verið leidd rök að því, að áfrýjendurnir Kristján og Þorsteinn hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi orðið samsekir Magnúsi um ökuslysið. Á stefndi því ekki kröfurétt á hendur þeim samkvæmt greindum lagaákvæðum. Samkvæmt því ber að sýkna þá af þessum kröfulið.

II. Gagnsök í héraði.

Hinn 18. maí 1958 var bifreiðin V 261 í húftryggingu hjá stefnda fyrir allt að kr. 70.000.00 tjóni samkvæmt váttryggingarskirteini, dags. 11. desember 1957, sem skráð var á nafn Kristjáns Egilssonar. Óumdeilt er, að tjón á bifreiðinni V 261 hafi numið kr. 32.142.00, og er það fjárhæð sú, sem áfrýjendur krefja stefnda um í þessum þætti málsins.

Samkvæmt a-lið 10. gr. húftryggingarskilmálanna skulu „skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni“ vera undanskildar ábyrgð stefnda. Ákvæðið ber að skýra svo, að sá váttryggingartaki, sem valdur er að tjóni með framangreindum hætti, hafi firrt sig rétti til bóta. Á Magnús Gíslason samkvæmt því ekki rétt á húftryggingarbótum, að því er tekur til hans eignarhluta af bifreiðinni. Þeir Kristján og Þorsteinn, sem einnig ber að telja tryggingartaka, svo sem fyrr var getið, hafa hins vegar ekki fyrirgert rétti til bóta samkvæmt umræddu váttryggingarskilyrði. Og ekki verður talið, að önnur váttryggingarskilyrði né lagareglur standi bótarétti þeirra í vegi. Samkvæmt þessu á stefndi að vera sýkn af kröfum Magnúsar Gíslasonar í gagnsök í héraði, en dæma ber hann til að greiða þeim Kristjáni og Þorsteini $\frac{2}{3}$ hluta af kr. 32.142.00, þ. e. kr. 21.428.00, ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök í héraði og svo fyrir Hæstarétti ákveðst þannig:

Áfrýjandi Magnús Gíslason greiði stefnda málskostnað, samtals kr. 6.000.00.

Stefndi greiði áfrýjendunum Kristjáni Egilssyni og Þorsteini Sigurðssyni málskostnað, samtals kr. 6000.00.

Dómsorð:

Í aðalsök í héraði greiði áfrýjendur, Magnús Gíslason, Kristján Egilsson og Þorsteinn Sigurðsson, in solidum stefnda, Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 880.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo greiði og áfrýjandi Magnús Gíslason stefnda kr. 13.753.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök í héraði skal stefndi vera sýkn af kröfu áfrýjanda Magnúsar Gíslasonar, en greiði áfrýjendunum Kristjáni Egilssyni og Þorsteini Sigurðssyni kr. 21.428.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi Magnús Gíslason greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6000.00.

Stefndi greiði áfrýjendum Kristjáni Egilssyni og Þorsteini Sigurðssyni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 30. nóvember 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Benedikt Sigurjónssyni hrl., Reykjavík f. h. Sjóváttryggingafélags Íslands h.f., Reykjavík, með stefnu, útgefinni 15. janúar 1962, birtri 20. janúar og 12. febrúar s. á., á hendur fyrrverandi eigendum bifreiðarinnar V 261, þeim Magn-

úsi Gíslasyni, Vestmannabraut 60, Kristjáni Egilssyni, Hólagötu 19, og Þorsteini Sigurðssyni, Bárugötu 11, öllum í Vestmannaeyjum, til endurheimtu á greiðslum, er stefnandi innti af hendi sem ábyrgðarváttryggjandi bifreiðarinnar og gegn núverandi eiganda, Reyni Hjörleifssyni, Suðurlandsbraut 72, Reykjavík, til að þola viðurkenningu á lögveðrétti í bifreiðinni.

Stefnandi gerði í upphafi þær réttarkröfur, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða kr. 14.633.75, auk 6% ársvaxta frá 1. ágúst 1958 til 22. febrúar 1960, en frá þeim tíma 11% til 29. desember 1960, en 9% frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Ennfremur krafðist hann lögveðs í bifreiðinni R 9081, áður V 261, fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Undir rekstri málsins féll aðalstefnandi frá lögveðskröfunni og breytti vaxtakröfunum, og urðu kröfur hans að lokum á þá leið, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 14.633.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til 22. febrúar 1960, en frá þeim degi 10% ársvextir til 29. desember 1960, en 8% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Aðalstefndu létu mæta í málinu og gerðu þær réttarkröfur, að þeir yrðu algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 880.00, umkröfðu váttryggingariðgjaldi, og verði þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Með stefnu, útgefinni 27. febrúar s.l., höfðuðu aðalstefndu gagnsök í málinu til heimtu á viðgerðarkostnaði á bifreiðinni V 261, sem var kaskó-tryggð hjá aðalstefnanda. Gerðu þeir þær réttarkröfur, að gagnstefndi yrði dæmdur til að greiða þeim kr. 32.142.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk alls málskostnaðar að skaðlausu, þar með talin full málfærslubóknun fyrir dóminum. Að því marki, sem þeir kynnu að verða dæmdir til að greiða aðalstefnanda í aðalsök, kröfðust þeir skuldajafnaðar, en sjálfstæðs dóms að öðru leyti. Gagnstefndi krafðist algerrar sýknu í gagnsökinni af öllum kröfum gagnstefnanda svo og hæfilegs málskostnaðar úr þeirra hendi eftir mati réttarins.

Mál þetta hefur áður verið fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja og gekk í því dómur 10. desember 1960. Sá dómur var ómerktur

í Hæstarétti 15. nóvember 1961 vegna þess, að einn hinna aðalstefndu, Kristján Egilsson, var ófjárráða, er undirréttardómurinn var kveðinn upp.

Í desember 1957 keyptu aðalstefndu fólksbifreiðina Ö 370, og var hún skráð af Bifreiðaeftirliti ríkisins í Reykjavík þann 10. desember á nafn aðalstefnda Kristjáns Egilssonar með umdæmistölunni V 261. Skráningunni var breytt 19. maí 1958 og allir aðalstefndu skrifaðir fyrir bifreiðinni og taldir sameigendur frá byrjun samkvæmt yfirlýsingu þeirra. Bifreiðin var í ábyrgðartryggingu hjá aðalstefnanda, og var aðalstefndi Kristján Egilsson talinn váttryggingartaki, minnsta kosti fyrst um sinn. Hann kveðst hafa farið fram á við umboðsmann aðalstefnanda í Vestmannaeyjum þegar hinn 10. maí 1958, að allir eigendur bifreiðarinnar yrðu skráðir við trygginguna. Allir voru aðalstefndu ófjárráða, er þeir eignuðust bifreiðina, og einnig þegar þeir atburðir gerðust, er mál þetta er risið af og nú verður lýst. En ekki hefur því verið haldið fram, að kaupin á bifreiðinni hafi gengið fyrir sig án samþykkis lögráðamanna, og enginn hinna aðalstefndu hefur sett fram varnarástæður eða haft uppi kröfur, hvorki í þessu máli né í hinu fyrra, er reistar voru á fjárræðis-skorti þeirra.

Hinn 18. maí 1958, um kl. 23.15, ók meðstefndi Magnús Gíslason bifreið þeirra félaga upp Heiðaveg í Vestmannaeyjum. Í framsæti hjá honum sat meðstefndi Kristján Egilsson, en í aftursæti voru tvær stúlkur og karlmaður. Rétt á undan fór bifreiðin V 170. Báðar voru bifreiðarnar á miklum hraða. Lögreglubifreiðin V 1 kom þá austan Hásteinsveg, og er hún kom inn á gatnamótin, þar sem Hásteinsvegur og Heiðavegur skerast, varð bifreiðarstjórinn við V 170. Snarhellaði hann þá bifreiðina, en V 170 hægði ekki ferðina, heldur þaut áfram um meter framan við lögreglubifreiðina. Er V 170 var kominn fram hjá, gaf bifreiðarstjórinn á lögreglubifreiðinni upp fóthemplana og seig bifreiðin áfram. Í sama bili sá hann bifreið aðalstefndu, V 261, nálgast á mikilli ferð. Steig hann þá strax á fóthemplana og nam bifreiðin þegar staðar. Í sömu andrá lenti V 261 á lögreglubifreiðinni hægra megin að framan. V 261 hélt þó áfram ferð sinni, enda sagði meðstefndi, að fát hefði komið á sig við ákeyrsluna og hafi hann stigið á benzínjölfina, í stað þess að stíga á fóthemplana. Fór bifreiðin í stórum sveigum og með ofsahraða suður Heiðavegin og sveigði að lokum til vinstri og rakst á steinvegg fyrir framan húsið Heiðaveg 27, braut

hann og nam þar staðar. Snéri hún þá í norðaustur eða allt að því til sömu áttar, sem hún kom úr. Kvaðst meðstefndi enn hafa stigið á benzínjöfina, er bifreiðin nam staðar við steinvegginn.

Opinber rannsókn var haldin út af ákeyrslunni og akstri meðstefnda. Hann kvaðst ekki hafa komið auga á lögreglubifreiðina, fyrr en hann ók á hana og hafi honum því ekki gefizt tóm til að hemla. Hann kvaðst þá hafa verið á 30 mílna hraða, en síðan hafi hraðinn aukizt. Á líka lund var framburður þeirra, er með honum voru í bifreiðinni. Önnur vitni, er voru áhorfendur að ákeyrslunni, töldu hins vegar, að hraðinn hefði verið miklu meiri, og sum þeirra gerðu ráð fyrir, að hraðinn hefði ekki verið undir 80—90 km, miðað við klukkustund. Ökumaðurinn á V 170 kvað þá meðstefnda hafa verið í eltingaleik og hefði meðstefndi verið að reyna að ná honum. Þessu var andmælt af meðstefnda. Að lokinni rannsókn var höfðað opinbert mál gegn honum og með dómi, uppkveðnum 9. nóvember 1959, var hann fundinn sekur um of hraðan og ógætilegan akstur og dæmdur í 2000 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum og sviptur ökuréttindum í 2 mánuði. Bifreið aðalstefndu, V 261, skemmdist mikið við árekstrana og sérstaklega við ákeyrsluna á steinvegginn. Einnig varð lögreglubifreiðin fyrir talsverðum skemmdum.

Um aðalsök.

Bifreið aðalstefndu var í ábyrgðartryggingu hjá aðalstefnanda og varð hann að greiða bætur fyrir tjón, sem hlaut af akstri bifreiðarinnar í umrætt sinn. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum greiddi hann af þessum sökum eftirfarandi fjárhæðir:

- | | |
|--|---------------|
| 1. Skemmdir á lögreglubifreiðinni V 1 samkvæmt viðgerðarreikningum | kr. 11.018.75 |
| 2. Skemmdir á steinvegg við Heiðaveg 27 samkvæmt mati | — 2.485.00 |
| 3. Kostnaður við mat | — 250.00 |

Kr. 13.753.75

Aðalstefnandi telur, að ökumaður bifreiðarinnar, meðstefndi Magnús Gíslason, hafi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi. Beri honum því svo og sameigendum hans að bifreiðinni, meðstefndu í máli þessu, að endurgreiða þær fjárhæðir, sem aðalstefnandi innti af hendi. Vitnar hann í því sambandi til vátryggingaskilyrða tryggingaskírteinis svo og 25. gr. laga nr.

20/1954, 36. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. nú umferðarlög nr. 26/1958, svo og auglýsingar Samgöngumálaráðuneytisins frá 25/10 1929. Ennfremur kveður hann aðalstefndu skulda vegna bifreiðarinnar iðgjald af ábyrgðartryggingu fyrir tímabilið 1. maí 1958 til 1. maí 1959, er nemi kr. 880.00. Nefndar fjárhæðir, kr. 13.753.75 og kr. 880.00, eða alls kr. 14.633.75, eru stefnukröfur málsins.

Aðalstefndu viðurkenna, að iðgjald af ábyrgðartryggingu, kr. 880.00, sé ógreitt, og það sé þeim skylt að greiða. Öðru máli gegni um hinar kröfur aðalstefnanda. Telja þeir, að um endurkröfurétt tryggingarfélags á hendur eigendum bifreiðar geti ekki verið að ræða, nema því aðeins að allir eigendurnir séu valdir að tjóninu. Af þeirri ástæðu sé engin heimild til að krefja alla þrjá meðeigendur að bifreiðinni um endurgreiðslu, þar eð aðeins einn þeirra, stefndi Magnús Gíslason, hafi ekið bifreiðinni og borið ábyrgð á akstri hennar. Ef um endurkröfurétt væri að ræða, ætti að beina þeirri kröfu eingöngu að honum. En því væri heldur ekki til að dreifa, að stefnandi ætti endurkröfurétt á hendur Magnúsi Gísslasyoni, þar eð akstri hans hafi ekki verið þann veg háttað, að það skapi rétt til endurkröfu. Hann hafi ekki átt sök á árekstrinum við lögreglubifreiðina nema að litlu leyti. Aðalsökin hafi verið hjá ökumanni þeirrar bifreiðar, sem hafi ekið af stað á fjölförnum krossgötum, án þess að ganga úr skugga um, að hætta stafi af umferð og án þess að hafa tilskilin ljós uppi.

Réttarrannsóknin út af ákeyrslunni gefur ekki heimild til að álykta, að sökin hafi legið hjá ökumanni lögreglubifreiðarinnar. Bifreiðin hafði verið hemluð, og rannsóknin benti til, að hún hefði staðið kyrr, er ákeyrslan átti sér stað. Veður var bjart, en farið að bregða birtu og höfðu stöðuljós bifreiðarinnar verið tendruð, eftir því sem ökumaðurinn sagði, og var þeirri frásögn ekki hnekkkt með vitnisburðum annarra, þótt framburðir meðstefndu Magnúsar og Kristjáns og eins farþega þeirra hafi gengið í aðra átt. Ökumaður lögreglubifreiðarinnar sætti engri áminningu frá ákærvaldsins hálfu fyrir akstur sinn í umrætt sinn, en þessu var öðruvísi farið um meðstefnda Magnús Gíslason, sem var ákærður og dæmdur fyrir brot á 26. gr. 2., 4. mgr. og 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr., 4. gr. 3. mgr. og 7. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 24/1941, sbr. tilsvarendi ákvæði í umferðarlögum nr. 26/1958. Dóminum var ekki áfrýjað og ber að hafa hliðsjón af forsendum hans og niður-

stöðu við úrlausn þessa máls. Í dóminum er meðstefndi Magnús m. a. sakfelldur fyrir að aka með hröðum og tillitslausum akstri á lögreglubifreiðina, er hann hafði á vinstri hönd. Átti hann þar af leiðandi sök á skemmdum, sem urðu á lögreglubifreiðinni við ákeyrsluna, og verður ekki fallizt á, með tilvísun til ofanritaðs, að um sök hafi einnig verið að ræða hjá öikumanni lögreglubifreiðarinnar, þannig að bótakröfur vegna skemmdanna hafi átt að sæta frádrætti af þeim sökum.

Samkvæmt 9. gr. váttryggingarskilyrða í tryggingaskírteini bifreiðarinnar getur stefnandi krafizt endurgreiðslu á tjónbótum „hjá váttryggingartaka eða öðrum váttryggðum, ef tjónið hefur orðið af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni“. Og í 26. gr. 7. mgr. bifreiðalaga nr. 23/1941 er tryggingarfélagi veittur „endurbótakröfuréttur á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi“. Endurkröfuréttinum fylgir lögveð í bifreiðinni og er tryggingartaka bannað að kaupa tryggingu gegn endurkröfunni. Svipuð ákvæði eru í 73. gr. núgildandi laga nr. 26/1958, er komu til framkvæmda 1. júlí 1958, en þó með þeirri breytingu, að þar er ekki minnzt á lögveð í bifreiðinni, og fram tekið, að váttryggingarfélag hafi endurkröfurétt „á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni“ með ofangreindum hætti. Er ákeyrslan átti sér stað, sem mál þetta er risið af, voru allir hinir stefndu eigendur bifreiðarinnar og voru þar af leiðandi jafnframt aðiljar að hinni lögboðnu ábyrgðartryggingu. Verður ekki talið skipta neinu máli fyrir úrslit þessa máls, þótt iðgjaldakvittun fyrir tryggingartímabilið, sem hófst 1. maí 1958, hafi einungis hljóðað á nafn stefnda Kristjáns Egilssonar. Gengið er frá kvittun þessari í Reykjavík á þeim tíma, er stefndi Kristján var einn skráður eigandi bifreiðarinnar. Líta verður því á alla hina stefndu sem tryggingartaka á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Samkvæmt því sem áður segir um akstur stefnda Magnúsar Gíslasonar og niðurstöður dómsins í máli ákæruvaldsins gegn honum, eru skilyrði fyrir endurkröfurétti, að því er hann varðar, fyrir hendi samkvæmt tryggingarskilmálum og ákvæðum bifreiðarlaga. En endurkröfurétturinn nær lengra. Heimilt virðist að skýra tilvitnað ákvæði tryggingarskilmála svo og ákvæði gildandi laga meðal annars á þá leið, að endurkröfuréttur sé fyrir hendi gegn öllum tryggingartökum sömu bifreiðar eða öllum sameigendum sömu bifreiðar, ef einhver þeirra hefur valdið tjóni eða slysi með ásetningi eða stórkostlegu gá-

leysi. Með tilliti til þýðingar endurkröfuréttarins eða þess hlutverks, sem hann á að gegna, og með hliðsjón af hinni viðtæku ábyrgð bifreiðaeigenda samkvæmt 35. gr. bifreiðalaga, nú 69. gr. umferðarlaga, þykir bera að leggja þann skilning til grundvallar. Af því leiðir, að endurkröfuréttur verður viðurkenndur gegn öllum hinum stefndu.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda í aðalsök að öllu leyti teknar til greina.

Rétt þykir einnig að ákveða, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, og verður hann ákveðinn í einu lagi fyrir aðalsök og gagnsök.

Um gagnsök.

Bifreið gagnstefnanda, V 261, var kaskótryggð hjá gagnstefnda, er slysið átti sér stað, sem að framan getur. Eins og þar segir, skemmdist bifreiðin mikið við ákeyrsluna á lögreglubifreiðina og sérstaklega við ákeyrsluna á steinvegginn hjá Heiðaveg 27. Segja gagnstefnendur, að kostnaður við viðgerð á skemmdunum hafi numið kr. 32.142.00 og hafa lagt fram kvittaða reikninga fyrir svo að segja allri þeirri fjárhæð. Telja gegnstefnendur, að gagnstefnda beri samkvæmt ákvæðum tryggingarskírteinisins að greiða upphæðina, og er það stefnukrafa málsins.

Gagnstefndi reisir kröfu sína um sýknu á sömu málsástæðum og fram koma frá hans hendi í aðalsök. Skemmdirnar á bifreiðinni hafi hlotizt af vítaverðum akstri og hafi gagnstefnendur misst rétt til váttryggingarfjárins samkvæmt ákvæðum í tryggingarskírteini, er hafi stoð í lögum. Vitnaði hann í því sambandi til 18. gr. 2. mgr. laga nr. 20/1954 og 73. gr. umferðarlaga.

Í 10. grein a-lið tryggingarskilmála í kaskótryggingarskírteini bifreiðarinnar er fram tekið, að skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni séu undanþegnar ábyrgð gagnstefnda. Ákvæði þetta er gilt að lögum gagnvart váttryggingartökum. Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið varðandi akstur bifreiðarinnar, verður að telja, að skilyrði séu fyrir hendi til þess að beita þessu ákvæði og ekki sé ástæða til að dæma gagnstefnda til að greiða bætur að hluta samkvæmt heimild í 18. gr. 2. mgr. laga nr. 20/1954. Leiðir þetta til þess, að gagnstefndi verður sýknaður að öllu leyti í gagnsök.

Rétt þykir að ákveða, að í gagnsök og aðalsök skuli aðalstefndu og gagnstefnendur greiða aðalstefnanda og gagnstefnda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Gagnstefndi, Sjóváttryggingarfélag Íslands h.f., skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, Magnúsar Gíslasonar, Kristjáns Egilssonar og Þorsteins Sigurðssonar, í gagnsök.

Í aðalsök greiði aðalstefndu, Magnús Gíslason, Kristján Egilsson og Þorsteinn Sigurðsson in solidum aðalstefnanda, Sjóváttryggingarfélagi Íslands h.f., kr. 14.633.75, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til 22. febrúar 1960, en frá þeim degi 10% ársvöxtum til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðalstefndu og gagnstefnendur greiði aðalstefnanda og gagnstefnda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. júní 1963.

Nr. 180/1962. A (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

B (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1962. Krefst hann þess *aðallega*, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í máli þessu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur meðlagsskyldur með sveinbarni hennar, fæddu 1. júní 1960 og að málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda, sem fengið hefur gjafvörn í máli þessu fyrir Hæstarétti, krefst þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og henni dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti,